

Ár 2008, mánudaginn 21. apríl, er í Áfrýjunardómstól ÍSÍ, í málinu nr. ..6/2008:

Skiðadeild ÍR
gegn
Skiðasambandi Íslands

uppkveðinn svohljóðandi

dómur:

Mál þetta dæma Jón G. Zoëga, Gestur Jónsson og Helgi I. Jónsson.

Kærandi skaut málinu til dómstólsins með kæru, mótttekinni á skrifstofu ÍSÍ 16. apríl 2008. Kærður er úrskurður Dómstóls ÍSÍ 11. sama mánaðar.

Í hinum kærða úrskurði kemur fram að mál þetta eigi rót sína að rekja til ákvörðunar kærða varðandi stigagjöf í bikarkeppni á vegum hans. Ákvörðunin hafi verið birt á heimasíðu kærða 27. mars 2008 og kærð til dómstólsins 4. næsta mánaðar, en þá hafi einnar viku kærufrestur samkvæmt gr. 24.1 í lögum Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands verið liðinn.

Kærandi kveður rangt að kæran hafi borist 4. apríl 2008. Hið rétta sé að formaður kæranda hafi afhent hana á skrifstofu ÍSÍ 3. sama mánaðar og hafi það verið staðfest af starfsmanni ÍSÍ í tölvupósti 11. apríl 2008.

Óumdeilt er að ofangreind kæra barst skrifstofu ÍSÍ innan þess frests sem kveðið er á um í gr. 24.1 í lögum Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands. Samkvæmt því er óhjákvæmilegt að ómerkja hinn kærða úrskurð og vísa málinu til meðferðar Dómstóls ÍSÍ.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er ómerktur og málinu vísað til meðferðar Dómstóls ÍSÍ.

Jón G. Zoëga
Gestur Jónsson
Helgi I. Jónsson